

# Skýrsla stjórnar Skógræktarfélags Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi 1988

Helstu framkvæmdir Skógræktarfélags Selfoss í Hellisskógi á árinu 1988 voru þessar.

1) **Vegagerð.**

Starfsmenn áhaldahúss gerðu 250 m langan vegspotta vestan við Grímskletta dagana 6. - 8. apríl. Notuð var möl ofan úr Ingólfsfjalli. Alls fór 71 malarhlass í veg og stæði.

2) **Jarðvinnsla.**

Gísli í Byggðarhorni tætti fyrir skjólbeltum og asparreitum. Verkið tók 14 klst.

3) **Plöntun.**

Dagana 26. og 30 maí og 2., 6. og 9. júní var plantað 7000 plöntum í Hellisskóg.

Þar af fóru 4000 víðiplöntur í 3 km löng skjólbelti í mýrinni vestan og norðan við Grímskletta.

1000 stafafuruplöntum og 1000 sitkagreniplöntum var í plógstrengi vestan við Grímskletta.

Alaskaösp úr græðlingabeðum félagsins í Hellisskógi (2 ára, 1-1,5 m að hæð) var plantað í reiti innan og ofan við aðalinngang. Einnig var stungið niður græðlingum af alaskaösp í plógstrengi vestan við Grímskletta og í græðlingabeð innan við aðalhlíð. Plöntunarstarfið gekk vel þrátt fyrir klaka í jörð fram í júní. Að meðaltali mættu 33 félagsmenn til starfa hvert vinnukvöld.

“Inner Wheel” konur plöntuðu 100 alaskaöspum og slatta af birki í reit sem þeim var úthlutað í ofanverðu Hellisholti ofan vegar við ána.



*Sitkagreni og stafafuru plantað í plógstrengi vestan við Grímskletta sumarið 1988.*

4) **Tröppur yfir girðingar.**

Þann 4. september mættu 10 félagar og settu 5 tröppur (prílur) yfir girðingar. Einnig var gert við girðingar og þær endurnýjaðar þar sem þörf var á.

5) **Smölun.**

Í september þurfti margoft að smala kindum og hrossum úr Hellisskógi. Yfirleitt vsr um 5 kindur að ræða, sennilega þær sömu og ollu skaða haustið 1987. Mest voru reknar út 10

kindur haustið 1988. Oftast var um að kenna opnu hliði eftir veiðimenn, en einnig komast kindur auðveldlega gegnum landareign Kristjáns. Þar eru girðingar meira og minna ónýtar og þörf á endurnýjun. Vart þarf að taka fram að kindurnar ollu umtalsverðum skaða á trjágróðri, einkum ösp. Ljóst er að ef sama sagan endurtekur sig næsta haust verður þörf á róttækum viðbrögðum af hálfu skógræktarmanna ef ekki á illa að fara.

Selfoss 1. des. 1988

Örn Oskarsson